

## **Menningar og minningasjóður kvenna.**

*Komi þeir tímar að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu og sömu aðstæður til menntunar, efnalega, lagalega og samkvæmt almenningsáliti, þá skulu bæði kynin hafa jafnan rétt til styrkveitinga úr sjóðnum.*

Þessi orð eru tekin úr skipulagsskrá Menningar og minningasjóðs kvenna, sem staðfest var árið 1945.

Með stofnun Menningar- og minningasjóðs kvenna rættist langþráður draumur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur um að styðja mætti konur fjárhagslega til mennta. Bríet var framsýn kona og vissi að lykillinn að jafnrétti kynjanna fólst ekki síst í aukinni menntun kvenna.

Sjóðurinn var stofnaður eftir andlát Bríetar árið 1941. Hugmyndin er þó mun eldri og í raun samofin sögu Kvenréttindafélagsins frá upphafi.

Menntun kvenna var Bríeti ætíð hugleikin og vann hún ötullega að því í upphafi síðustu aldar að opna menntastofnanir landsins fyrir konum.

Þrátt fyrir formleg réttindi kvenna til náms þá vissi Bríet sem var að staða kynjanna til að sækja sér menntun var af fjárhagslegum ástæðum mjög ólík. Af þeim ástæðum var það alla tíð hennar baráttumál að styðja konur til fjárhagslega til að afla sér menntunar.

Konur fengu kosningarétt árið 1915. Ég hef lengi talið að þessi staðreynd tilheyrði almennri þekkingu á Íslandssögunni og efalaust vitið þið öll að konur hafa fengið kosningarétt. En þegar forvígismenn í stjórnámum og á öðrum sviðum ganga hvað eftir annað fram hjá hæfum konum til þess eins, að því að mér virðist að viðhalda karlavelðinu, þá dettur mér samt í hug að þetta sé etv ekki á allra vitorði.

Þessvegna minni ég á þetta hér: konur fengu kosningarétt árið 1915 og hafa haldið honum síðan.

Með nýfengin kosningarétt sinn töldu formæður okkar rétt að minnast og fagna réttindum sínum. Bríet og fleiri konur vildu stofna sjóð sem hefði það að markmiði að styðja konur til náms. Aðrar vildu sýna þakklæti sitt með stofnun Landsspítalasjóðs. Síðarnefndi hjópurinn var fjölmennari og ekki varð af stofnun sjóðsins í það sinn. Að mati Bríetar áttu konur að nota kosningarétt sinn til að hafa áhrif í samfélaginu og réttilega taldi hún að Landsspítala ætti að reisa fyrir almannafé að frumkvæði ríkisins.

Ekki skal gert lítið úr því stórmerka framtaki kvenna að safna fyrir Landsspítala, enda skal það tekið fram að Bríet vann ötullega að söfnun fyrir spítalann.

Menningar og minningasjóðurinn var eins og áður sagði ekki stofnaður fyrr en eftir lát Bríetar. Fyrsta styrkveiting úr sjóðnum fór fram 1946 og síðan hafa fjölmargar konur notið góðs af styrkjum sjóðsins. Auk styrkveitinga var tilgangur sjóðsins að halda á lofti merkjum kvenna og í því skyni voru gefnar út æviminningabækur um konur, sú fyrsta um sjálfa Bríeti.

Enn í dag berast umsóknir í sjóðinn og þó að vissulega séu breyttir tímar, konur og karlar hafi lagalega jafnan aðgang til náms og menntunar og aðgangur námsmanna að fjárhagslegri aðstoð til náms allur annar en áður var þá verðum við enn um sinn að horfast í augu við þá staðreynd að sú stund er bæði kyn eigi jafnan rétt til styrkveitinga sjóðnum samkvæmt ákvæðum skipulagsskárinnar er ekki enn runnin upp.

Því miður hefur sjóðurinn ekki haft bolmagn til að veita styrki undanfarin ár, það er því ánægjulegt að segja frá því að stefnt er að því að veita styrk úr sjóðnum nú í haust. Til að viðhalda spenninni fram á afmælisárið mu um þetta ríkja leynd að öðru leyti enn um sinn....

Ég velti fyrir mér hvort upphafsorð mín hér, sem eins og áður sagði eru tekin úr skipulagsskrá sjóðsins lýsi hógværð og lítillæti þeirra kvenna sem settu þessi orð á blað fyrir rúmum 60 árum eða einfaldlega raunsæi:

*Komi þeir tímar að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu og sömu aðstæður til menntunar, efnalega, lagalega og samkvæmt almenningsáliti, þá skulu bæði kynin hafa jafnan rétt til styrkveitinga úr sjóðnum.*

Hver sem er ástæðan var þá er víst kominn tími til að breyta til og segja:

***Þegar þeir tímar renna upp að karlar og konur fá sömu laun fyrir sömu vinnu og sömu aðstæður til menntunar, efnalega, lagalega og samkvæmt almenningsáliti, þá skulu bæði kynin hafa jafnan rétt til styrkveitinga úr sjóðnum.***

Til hamingju með daginn.